

Verkefni 3	Arctic Coast Way/Norðurstrandarleið - Markaðshraðall
Markmið (SMART)	<i>Að vinna með hagaðilum á svæðinu til þess að flýta fyrir markaðssókn Arctic Coast Way og gera verkefnið samkeppnishæfara. Mikilvægt er að merkja leiðina og helstu staði hennar svo að árangur náist strax.</i>
Stutt verkefnalýsing	<p>Að vinna að inngöngu og sókn á einn af okkar helstu mörkuðum með fyrirtækjum í Arctic Coast Way. Mikilvægt er að búa til hratt og örugglega farveg fyrir okkar fyrirtæki sem eru að selja vörur á Arctic Coast Way. Hanna þarf útlit á sameiginlegri kynningu á sýningu og búa til verkferla og verkfæri. Verkliðir eru 3.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Undirbúningur með fyrirtækjum. Fræðsla um sýningar og kynningarstarf á alþjóðlegum markaði með tilliti til vörumerkis Norðurstrandarleiðar og notkun upplifunar handbóka við þróun á vörum. Mótun á markaðsefni fyrir þennan vettvang fyrir einstaka fyrirtæki og svæði. 2. Sýning staðfest og samningar gerðir við fyrirtæki og 3 ára skuldbindingu varðandi þátttöku. Helsta hindrun fyrirtækja í þátttöku sýninga er innganga á markað og kostnaður. Þessi liður tryggir að sýningarkostnaður verði minni við inngöngu og geri fyrirtækin þá mögulega sjálfbær eftir 3 ár. 3. Hönnun á bás og sýningarformi. Stór hluti af kostnaði við bása er fyrsta hönnun og framleiðsla. Með því að fjárfesta í þessum hluta er verið að auðvelda inngöngu verkefnisins og þeirra aðila án þess að kostnaður sé hindrun. <p>Hanna staðlaða lausn á skiltum í samræmi við kröfur vegagerðarinnar. Tegundir skilta við áningarstaði, gönguleiðir, norðurljósastaði, miðnætursólarstaði þarf að klára og full hanna. Framleiðsla á 4 grunnskiltum fyrir Arctic Coast Way.</p>
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Norðurlands
Samstarfsaðilar	Ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu
Tengsl við sóknar- áætlun 2015-2019	Í kafla 3.3 í sóknaráætlun segir að mikilvægt sé að auka samstarf í ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra og sameiginleg markaðssetning tryggir bestu nýtingu fjármagns og slagkraft. Sveitarfélög á svæðinu eru í samstarfi við Markaðsstofu

	Norðurlands nú þegar. Enn fremur segir í kafla 4.2, undir stefnu og áherslur í ferðapjónustu, að setja eigi enn meiri kraft í markaðsstarf og samstarf sveitarfélaga og ferðapjónustuaðila, sem er samhljóma við markmið þessa verkefnis.
Árangursmælikvarði/ar	Norðurstrandarleið hefur fengið inngöngu á eina af stærstu sýningum í Evrópu, ITB eða WTM sem dæmi. Fyrirtæki verða búin að skuldbinda sig til kynningar á vörum og eru nokkuð sjálfbær. Innkomuskilti verða komin upp.
Lokafurð	Sýnileiki á alþjóðlegri ferðasýningu, hönnun og framleiðsla búin á 4 skiltum.
Tímarammi	Verkefninu skal lokið fyrir árslok 2020.
Heildarkostnaður	6.895.000
Framlag úr sóknaráætlun 2019	6.895.000